

13.11.2013

Atvinnuveganefnd.

**Tilkynning um afgreiðslu á erindinu: Alþingi hefur til umfjöllunar tillögu til þingsályktunar um hlutdeild sveitarfélaga í veiðigjaldi og tekjum af orkuauðlindum, 14. mál.**

Á 2968. fundi Bæjarráðs Vestmannaeyja þann, 13.11.2013, var erindið hér að neðan tekið til umfjöllunar og svohljóðandi bókun gerð:

-----  
Umsögn um málið óskast eigi síðar en 25. nóvember n.k.

*Bæjarráð ítrekar afreiðslu sína á þessu sama erindi frá 1. október s.l. um hlutdeild í sértækum skatti á sjávarútveg. Ennfremur vísast í því samhengi til þeirra greinagerðar sem sveitarfélagið hefur unnið og sent inn til nefndarsviðs Alþingis.*

Afgreiðsla þessi er háð samþykki bæjarstjórnar, og verður yður tilkynnt tafarlaust ef hún breytist.

**1. 201309091 - Tillaga til þingsályktunar um hlutdeild sveitarfélaga í veiðigjaldi og tekjum af orkuauðlindum.**

Innan bæjarráðs og bæjarstjórnar eru skiptar skoðanir um ágæti sérstaks veiðileyfagjalds. Sumir bæjarfulltrúar telja að í því sé fólgin landsbyggðarskattur sem heftir vöxt og viðgang atvinnulífs á landsbyggðinni á meðan aðrir telja að nýting úr sameiginlegum auðlindum réttlæti greiðslu á sérstökum skatti. Eftir sem áður eru allir fulltrúar sammála því að ef leggja á sértækan skatt á landsbyggðina þá eigi sá skattur fyrst og fremst að renna til samfélaganna þar. Það er fólkið í Vestmannaeyjum sem er undirstaða þess virðisauka sem innheimta sérstaks veiðileyfagjalds hér hvílir á. Það er fólkið sem veiðir, vinnur og selur fiskinn sem býr til verðmætin. Það er þetta fólk sem á heimtingu á því að njóta sérstaks veiðileyfagjalds, ef það er lagt á.

Bæjarráð minnir á að í vor ákvað hin nýja ríkisstjórn að hækka veiðileyfagjald á atvinnulífið í Vestmannaeyjum. Búast má við því að í ár renni um 2300 milljónir frá Vestmannaeyjum bara vegna þessa sérstaka gjalds sem Eyjamenn greiða umfram aðra. Bæjarráð gerir því kröfu um að gjaldið renni til Vestmannaeyjabæjar sem síðan getur nýtt það til samfélagslegra verkefna.

Bæjarráð fagnar því framkominni þingsályktunartillögu og hvetur þingmenn suðurlands til að styðja hana.

Bæjarráð Vestmannaeyja